

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1
850 HELLUReykjavík, 8. febrúar 2022
Tilvísun: OS2022010074/10.40.1
Verknúmer: 3090000**Efni: Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita við Kaldárholtslæk í landi Kaldárholtis, Rangárþingi ytra**

Orkustofnun hefur mótttekið meðfylgjandi umsókn Veitna ohf., kt. 501213-1870, dags. 18. janúar sl., þar sem á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, er sótt um leyfi til nýtingar á jarðhita við Kaldárholtslæk í landi Kaldárholtis, Rangárþingi ytra.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1998, felur nýtingarleyfi í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og Orkustofnun telur nauðsynlega. Um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun fer skv. VIII. kafla laganna. Orkustofnun vekur athygli á að samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/1998 eru gögn sem afhent eru samkvæmt lögnum bundin trúnaði. Með vísan til þessa eru umsagnaraðilar beðnir um að virða þann trúnað.

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. laga, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 er hér með óskað umsagnar Rangárþings ytra um framkomna umsókn hvað varðar verksvið sveitarfélagsins. Þess er óskað að umsögnin berist Orkustofnun eigi síðar en 1. mars nk.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra
María Guðmundsdóttir
Harpa Pétursdóttir*Afrit sent til: Umsækjanda**Fylgiskjöl: Umsókn og fylgiskjöl*